



## Erindi til Árborgar vegna lands undir starfsemi Sleipnis

Tílefni: fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Árborgar

Sent til bæjarfulltrúa Árborgar 18.janúar 2021

Í fyrirhuguðum breytingatillögum á aðalskipulagi Árborgar er gert ráð fyrir minnkun á athafnasvæði Sleipnis um 5.8 ha. sem skerðir verulega framtíðar stækkunarmöguleika félagsins.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðustu 20 árum sem kalla á stækkun athafnasvæðis til hestaþróttar. Kröfur hafa aukist hvað varðar aðbúnað hrossa og aðstöðu iðkenda. Hesthús hafa stækkað og rúma færri hross vegna krafna um meira pláss fyrir hvert hross. Reiðhallir eru nauðsynlegar til þjálfunar og keppni, þjálfunargerði, svæði undir hestakerrur og keppnissvæði með aðstöðu fyrir áhorfendur er nauðsynlegt. Félagshesthús er á stefnuskrá félagsins til að styðja við tugi nýrra iðkenda í barna og unglिंगastarfi en á síðustu 10 árum hefur iðkendum fjölgað úr fáum tugum barna og unglिंगa í um þrjú hundruð. Reiðhöllin annar varla lengur stækkandi hópi félagsmanna og er þörf fyrir pláss til inni æfinga vaxandi. Byggja þarf nýtt og stærra félagsheimili með tíð og tíma en allt kallar þetta á aukið landssvæði. Með hliðsjón af ofangreindu getur stjórn félagsins ekki fallist á skerðingu svæðisins nema til komi annað landssvæði sem skipulagt yrði til stækkunar á móti skerðingunni. Hestamannafélagið Sleipnir hefur verið fyrirmyndarfélag ÍSÍ frá 2012 og hefur rekið kröftugt íþróttastarf fyrir alla aldurshópa frá stofnun félagsins 1929 og stefnir á að vaxa áfram með sveitarfélaginu um ókomin ár. Þörf fyrir framtíðarsvæði til uppbyggingar félagsins er því nauðsynleg ráðstöfun, sérstaklega í ljósi fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Árborgar.

Við höfum leitað til sveitarstjórnar Flóahrepps um að breyta núverandi aðalskipulagi sínu í þá veru að land austan Gaulverjabæjarvegjar sem liggur innan reiðvegjar meðfram þjóðvegi 1 frá hringtorgi við Gaulverjabæjarveg að trjálundi og þaðan meðfram reiðvegi í suður og vestur að Gaulverjabæjarvegi og þaðan til norðurs að hringtorgi verði skipulagt sem framtíðar svæði fyrir hestamannafélagið Sleipni.

Sveitarstjórn Flóahrepps tók vel í tillögu okkar með fyrirvara um álit landeiganda sbr. Fundargerð á veg Flóahrepps:

“Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – skipulagsmál Lagt fram erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni þar sem óskað er eftir fundi til þess að ræða mögulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna stækkunar á athafnasvæði félagsins austur fyrir Gaulverjabæjarveg. Sigríður Magnea Björgvinsdóttir og Steindór Guðmundsson mættu til fundarins í gegnum „Teams“ og kynntu hugmyndir Sleipnisfélaga. Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndir Sleipnis félaga um áframhaldandi uppbyggingu austan Gaulverjabæjarvegjar í tengslum við starfsemi félagsins. Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að við umsókn um breytingar á skipulagi þá þarf að taka tillit til óska landeiganda um nýtingu. Meðan afstaða



landeigandans, Árborgar liggur ekki fyrir er málið á þessu stigi aðeins lagt fram til kynningar. Samþykkt með 5 atkvæðum.”<sup>1</sup>

Stjórn Sleipnis óskar eftir því við bæjarstjórn Árborgar að hún samþykki erindi hestamannafélagsins Sleipnis um að lóðir þessar verði skipulagðar undir framtíðarsvæðis félagsins, styðji þannig við framtíð félagsins og greiði um leið fyrir breytingum á aðalskipulagi Árborgar og Flóahrepps í sama tilgangi.

F.h. stjórnar hestamannafélagsins Sleipnis

Sigríður Magnea Björgvinsdóttir formaður

---

<sup>1</sup> [https://www.floahreppur.is/wp-content/uploads/2021/01/SF\\_-244-fundargerð-dags.-12.01.21-1.pdf](https://www.floahreppur.is/wp-content/uploads/2021/01/SF_-244-fundargerð-dags.-12.01.21-1.pdf)